

Kirkjuþing 2020-2021.

14. mál-þskj. 66

**Nefndarálit og breytingartillaga**  
**við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir**  
**þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.**

Frá fjárhagsnefnd.  
Frsm. Gísli Gunnarsson.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Í 23. gr. starfsreglnanna er kveðið á um að presti skuli greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemi fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna taki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs miðað við janúar ár hvert. Ekki skuli þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

Í ljósi þess að ákvæði þetta kom inn í starfsreglurnar árið 2018 og var samþykkt af kirkjuþingi vegna þess að breytt hafði verið reglum um greiðslur til presta vegna hlunninda á jörðum telur nefndin ekki rétt að fella brott þessar greiðslur til viðkomandi presta.

Í málinu kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá biskupsstofu sé þremur prestum nú greitt fyrir hagsmunagæslu af þessu tagi vegna þriggja jarða. Nemi fjárhæð hvers um sig innan við 500 þúsund á ári.

Nefndin telur ekki ljóst að um sparnað verði að ræða við að kaupa á þjónustu sérfræðinga til að sinna þessari hagsmunagæslu eins og bent er á í greinargerð. Að öðru leyti er nefndin samála tillögunni.

Fjárhagsnefnd leggur til að málið verði samþykkt með eftirfarandi

**B r e y t i n g a r t i l l ö g u:**

3. gr. tillögunnar falli brott.

Reykjavík, 5. nóvember 2020.

Gísli Jónasson, formaður.

Einar Már Sigurðarson.

Gísli Gunnarsson.

Gunnlaugur Garðarsson.

Hermann Ragnar Jónsson.

Hreinn Hákonarson.

Svana Helen Björnsdóttir, varaformaður.

Þorkell Heiðarsson.